

Ríkislögreglustjóri

B.t. lögreglurannsóknar- og greiningardeildar

Rauðarástíg 25

105 Reykjavík

Reykjavík, 13. júní 2025.

Kæra vegna landráða

Aðild og fyrirvar: Til undirritaðs lögmanns hafa leitað eftirtaldir einstaklingar með beiðni um ritun þessa erindis til embættis ríkislögreglustjóra:

Anna Sofía Kristjánsdóttir, Goðatúni 28, Garðabæ, Alexander Jón Baldursson, Lofnarbrunni 1, Reykjavík, Baldur Borgþórsson, Lofnarbrunni 1, Reykjavík, Hákon Jóhannesson, Lækjasmára 70, Kópavogur, Elinóra Inga Sigurðardóttir, Sogavegi 194, Reykjavík, Erlendur Borgþórsson, Hæðargarði 5, Reykjavík, Gústaf Níelsson, Birkihlíð 14, Reykjavík, Halldór Gunnarsson, Gilsbakka 6, Hvolsvöllur, Haraldur E. Ingimarsson, Mörkinni 8, Reykjavík, Ingibjörg Sverrisdóttir, Skógarási 6, Reykjavík, Jóhann Birgisson, Austurhlíð 10, Reykjavík, Jóhann Rúnar Sigurðsson, Kjarnagötu 57, Akureyri, Jón Kári Jónsson, Mávahlíð 34, Reykjavík, Jón Norðfjörð, Álfalandi 15, Reykjavík, Júlíus Júlíusson, Marteinslaug 3, Reykjavík, Júlíus Valsson, Sogavegi 194, Reykjavík, Karl Löve, Hraunteig 17, Reykjavík, Kolbeinn Sigurðsson, Kvistavöllum 59, Hafnarfjörður, Kristinn V. Sveinbjörnsson, Garðhúsum 4, Reykjavík, Linda Jónsdóttir, Lofnarbrunni 1, Reykjavík, Magnús Orri Grímsson, Fornastekk 5, Reykjavík, Pjetur Stefánsson, Eiðismýri 22, Seltjarnarnes, Sigfús Aðalsteinsson, Starmýri 2, Reykjavík, Sólveig Dagmar Þórisdóttir, Keilugranda 2, Reykjavík, Tómas Ísleifsson, Vörðu, Hella, Trausti Jörundarson, Fögrusíðu 15b, Akureyri, Valgerður Birna Snæland Jónsdóttir, Grundarsmára 5, Kópavogi, Þórður Birgisson, Brekkugerði 7, Reykjavík, Þröstur Jónsson, Dalseli 10, Egilsstaðir, Þröstur Þorvaldsson, Þorlaksgeisla 27, Reykjavík.

Kröfugerð: Af hálfu umbj.m. er þess krafist að lögreglurannsóknar- og greiningardeild ríkislögreglustjóra taki til rannsóknar hvort undirbúningur og framlagning frumvarps utanríkisráðherra um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993 (bókun 35), sem nú er til meðferðar á Alþingi, brjóti gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum lýðveldisins Íslands, þannig að jafna megi til landráða, en samkvæmt 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 hefur rannsóknar- og greiningardeild ríkislögreglustjóra m.a. það hlutverk að koma í veg fyrir og rannsaka „landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum“.

Málsatvik og lagarök: Fyrrgreint frumvarp utanríkisráðherra felur í sér breytingu á lögum nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, nánar tiltekið 4. gr. þeirra laga sem skuli orðast svo:

Ef skýrt og óskilyrt lagaákvæði sem réttilega innleiðir skuldbindingu samkvæmt EES-samningnum er ósamrýmanlegt öðru almennu lagaákvæði skal hið fyrrnefnda ganga fram, nema Alþingi hafi mælt fyrir um annað. Sama á við um skuldbindingar sem eru innleiddar með stjórnvaldsfyrirmælum ef þau eru ósamrýmanleg öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

Efni umrædds frumvarps miðar að því að eldri reglur sem fela í sér innleiðingu á „skuldbindingu“ samkvæmt EES-samningnum skuli ganga fyrir yngri lögum sem Alþingi setur ef ekki er efnislegt samræmi á milli. Frumvarpið miðar að því að skerða löggjafarvald Alþingis og afhenda dómssvald úr landi, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir.

Að áliti umbj.m. er utanríkisráðherra óheimilt, að óbreyttri stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, að leggja til við Alþingi að komið verði á þeirri skipan sem í frumvarpinu greinir. Standi vilji ráðherra og þingmanna til að veikja íslenskt löggjafarvald og dómssvald þarf að mati umbj.m. fyrst að breyta stjórnarskrá og setja þar inn ákvæði sem heimilar slíkt.

Þegar Hæstiréttur Íslands tók til starfa 16. febrúar 1920 var það stór áfangi fyrir íslenska þjóð, því fullveldi felur ekki aðeins í sér að íslensk lög séu sett af lýðræðislega kjörnu Alþingi, heldur einnig að æðsta túlkunarvald um þau lög sé hjá íslenskum dómstólum. Um þetta er stjórnarskráin nr. 33/1944 alveg skýr, sbr. 2. gr. sbr. 60. gr. og 70. gr. stjórnarskrárinnar. Með frumvarpi utanríkisráðherra um bókun 35 er lagt til að Alþingi löghelgi fyrirmæli um almennan forgang EES-reglna hérlandis. Slíkt ákvæði fæli í sér grundvallarbreytingu á íslenskum rétti, þar sem íslenskir dómstólar munu ekki lengur hafa neitt vald til hvorki samræmisskýringar né lagatúlkunar af öðrum almennt viðurkenndum toga ef íslensk lög stangast á við EES reglur. Þess í stað er lagt til að líta beri alfarið fram hjá skýrum íslenskum lagaákvæðum sem mæla fyrir um annað en EES-reglur. Túlkunarvald um þessar EES reglur verður m.ö.o. alfarið eftirlátið erlendum dómstólum. Verði frumvarpið að lögum þá er með því verið að framselja dómssvald úr landi í bága við stjórnarskrá, því samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar skal enginn fara með dómssvald á Íslandi aðrir en þeir sem réttilega hafa verið skipaðir í dómaraembætti samkvæmt íslenskum lögum, sbr. 59. gr. stjkskr.

Frumvarp utanríkisráðherra gengur einnig gegn þeirri grunnstoð réttarríkisins, sem kennd er við svonefnda „lex posterior“ reglu (lex posterior derogat legi priori), þ.e. að yngri lög víki eldri lögum til hliðar eða felli úr gildi eldri lagareglur ef ósamræmi reynist vera til staðar. Frumvarpið brýtur gegn þessari meginreglu með því að opna fyrir þann möguleika að yngri löggjöf Alþingis yrði í raun áhrifalaus og einskis virði, þ.e. ef hún stangast á við „skuldbindingu samkvæmt EES samningnum“. Verði frumvarpið að lögum væri verið að takmarka löggjafarvald Alþingis án þess að stjórnarskráin heimili slíkt. Á þann hátt miðar frumvarpið að því að veikja Alþingi og vega að fullveldi Íslands, auk þess sem umbj.m. telja frumvarpið vega að réttaröryggi borgaranna og fyrirsjáanleika laga með því að ekki yrði lengur unnt að treysta því að ný lög frá Alþingi muni standast gagnvart eldri EES-skuldbindingum.

Af hálfu umbj.m. er áréttað að kjörnir fulltrúar á Alþingi hafa ekki fengið umboð til að höggva með þessum hætti í lýðræðislegar rætur íslensks réttar og íslenskrar stjórnskipunar. Fyrir liggur að í rúmlega 30 ára sögu EES samningsins hefur Ísland aldrei beitt neitunarvaldi og ljóst er að frumvarpið þrengir enn frekar möguleika Alþingis á hagsmunagæslu fyrir land og þjóð því ef Alþingi mun, eftir lögleiðingu frumvarpsins, setja lög sem samræmast ekki fyllilega skuldbindingum Íslands samkvæmt EES rétti myndi það kalla yfir okkur samningsbrota- og skaðabótamál sem gætu orðið mun eittraðri og skaðlegri en það 30 ára gamla EES þrætuepli sem reynt er að fá Íslendinga til að kyngja með framlagningu þessa frumvarps.

Umbj.m. telja að frumvarpið um bókun 35 sé samkvæmt þessu grafalvarlegt mál sem snertir innstu taug stjórnskipunar Íslands og fallið gæti undir hugtaksskilgreiningu á landráðum.

Bent er á að ef þingmenn á Alþingi Íslendinga ætla að misvirða og beinlínis brjóta í berhögg við stjórnarskrá lýðveldisins með þeim hætti sem hér um ræðir felst ekki aðeins í því aðför að stjórnskipuninni, heldur væru þeir einnig að ganga gegn því drengskaparheiti sem þingmenn hafa sjálfir undirgengist gagnvart stjórnarskránni sem okkar æðstu réttarheimild. Með þessu væru þingmenn og ráðherrar að grafa undan stjórnarskránni og lýðveldinu Íslandi með stjórnskipulega ólögsmætum og ólýðræðislegum leiðum sem ekki er unnt að líta öðruvísi á en að teljist brot gegn öryggi og sjálfstæði lýðveldisins Íslands, sem jafna mætti við ólögsmæta ríkisvaldsyfirtöku, sem ótvírætt hefði ófyrirsjáanlegar og mögulega grafalvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir samfélagið allt.

Hugtakið landráð vísar m.a. til þess þegar menn fremja verknað sem miðar að því að stofna öryggi eða sjálfstæði íslenska ríkisins í hættu eða koma ríkinu undir erlend yfirráð. Þótt stjórnarskráin nefni landráð ekki sérstaklega þá leggur hún grunninn að völdum og ábyrgð (og þar með fullveldi) íslenska lýðveldisins og er sú réttarheimild sem bæði öll almenn lög sem og stjórnarathafnir verða að standast, bæði að formi til og efni. Að mati umbj.m. jafngildir framlagning tilvísaðs frumvarps ekki aðeins fyrirætlun um trúnaðarbrot í starfi, heldur er með þessu brotið gegn fullveldinu og stjórnskipun landsins. Framlagning og stuðningur við frumvarpið kunni því að falla undir verknaðarlýsingar þær sem birtast í landráðakafla almennra hegningarlaga en fyrir slík brot ber að saksækja á grundvelli þar að lútandi réttarfarslögjafar.

Kjörnir fulltrúar á Alþingi sækja umboð sitt til íslenskra kjósenda og því er uppspretta löggjafarvaldsins hjá fólkinu sem landið byggir. Í því umboði felst engin heimild til að afhenda stjórnartauma, ríkisvald og löggjafarvald, í hendur erlendra valdastofnana, því stjórnarskrá lýðveldisins gerir ráð fyrir að æðsta handhöfn íslensks ríkisvalds skuli vera á Íslandi. Af hálfu umbj.m. er lögð áhersla á að Alþingismenn eru bundnir af ákvæðum stjórnarskrárinnar og hafa ekki umboð að fara út fyrir heimildir hennar. Af þessu leiði að Alþingi brestur stjórnskipulega heimild til að lögfesta þetta frumvarp utanríkisráðherra.

Erindi þetta er sett fram af hálfu umbj.m. með vísan til þess að þegar kjörnir fulltrúar bregðast beri almennum borgurum skylda til að koma lýðveldinu og réttarríkinu til varnar.

Við þær aðstæður sem hér eru uppi og lýst hefur verið hér að framan telja umbj.m., almennir borgarar undir merkjum hóps er nefnir sig Þjóðfrelsi, sig knúna - og tilneydda - til að leggja fram kæru þessa á hendur framsögumanns fyrrgreinds frumvarps, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur utanríkisráðherra.

Ítrekun og áskilnaður: Umbj.m. krefjast þess að ríkislögreglustjóri taki erindi þetta til rannsóknar og úrvinnslu í samræmi við lagaskyldur embættisins, sbr. fyrrgreint ákvæði 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, og sinni erindi þessu af ýtrustu virðingu fyrir þeim hagsmunum sem í húfi eru og vinni úr því á grundvelli þeirrar ábyrgðar sem á embættinu hvílir og að gættum þeim ákvæðum almennra laga og stjórnarskrár sem málefnið varða.

Af hálfu umbj.m. er áskilinn allur réttur til að koma á framfæri ítarlegri rökstuðningi, lagarökum, sjónarmiðum og gögnum, svo og til að leggja fram sambærilega kæru á hendur hverjum þeim þingmanni sem uppvís kann að verða að því að greiða atkvæði með því að frumvarp þetta verði að lögum.

Virðingarfyllst,

f.h. Þjóðfrelsis,



Arnar Þór Jónsson lögmaður.